

**Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar í safnaðarheimili  
Hafnarfjarðarkirkju,  
18. apríl 2015**

**Fundargerð**

Þann 18. mars 2015 sendi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir út bréf/tölvupóst þar sem boðað var til Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 18. apríl 2015 í Hafnarfjarðarkirkju og drög að dagskrá.

**29. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar**

haldin 18. apríl 2015 í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju

Laugardagur 18. apríl 2015

- 09.30 Setning  
Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir
- 10.00 Kosning fundarstjóra og skipun ritara  
Skýrsla leikmannaráðs og reikningar  
Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson  
Umræður
- 10.30 Biblíufélagið 200 ára, kynning  
Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri  
Umræður
- 10.40 Biblían um heim allan  
Hans Johan Sagrusten  
Umræður
- 11.45 Hafnarfjarðarkirkja 100 ára og Kjalarnesprófastsdæmi  
Sr. Þórhildur Ólafs prófastur Kjalarnesprófastsdæmis
- 12.00 Hádegisverður
- 13.00 Sóknargjöld sr. Gísli Jónasson prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra  
Umræður
- 14.00 Kirkjan og Þjóðfélagið:  
Rúnar Vilhjálmsson prófessor: Trúariðkun og boðun fagnaðarerindis í nútímanum  
Elín Elísabet Jóhannsdóttir verkefnisstjóri: Hvernig getur kirkjan höfðað til fólks í nútímanum?  
Jónatan Garðarsson fjölmiðlamaður: Á kirkjan erindi við fólk sem sækir ekki kirkju?
- 15.00 Kaffihlé
- 15.15 Kosningar
- 15.30 Ályktanir og önnur mál
- 15.45 Bærinn í hrauninu  
Jónatan Garðarsson fjölmiðlamaður
- 16.00 Slit Leikmannastefnu, veitingar

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir setti 29. Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar í Hafnarfjarðarkirkju. Biskup fór með bæn, sungnir voru sálmar og þar flutti biskup ávarp (sjá fylgiskjal 1). Eftir það var leikmannastefnan flutt í safnaðarheimilið.

## 1. Leikmannastefnan

Marínó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs bauð alla velkomna og þakkaði biskupi hlý orð í garð leikmannastefnufulltrúa. Fundarstjóri var kosinn Reynir Sveinsson, Kjalarnesprófastsdæmi. Fundarritarar voru kosnir Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri leikmannaráðs. Reynir Sveinsson bauð alla velkomna og fulltrúar kynntu sig. Á þessari Leikmannstefnu sátu 37 fulltrúar og gestir (sjá fylgiskjal 2). Elvu Björk Bragadóttur, Vestfjarðaprófastsdæmi var fengið það hlutverk að leita eftir fólki sem tilbúið væri að sitja í leikmannaráði því kjósa þurfti fulltrúa í það. Kom hún í pontu og óskaði eftir tilnefningum.

## 2. Skýrsla Leikmannaráðs og reikningsuppgjör

Marínó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, flutti skýrslu leikmannaráðs og greindi frá reikningsuppgjöri 2014 (sjá fylgiskjal 3). Skýrslan og reikningsuppgjör vegna 2014 voru borin upp og samþykkt samhljóða.

Svana Helen Björnsdóttir, kirkjuráðsmaður, þakkaði fyrir störf leikmannastefnu, taldi hana þarfan vettvang fyrir leikmenn. Lagði til vegna 30 ára afmælis stefnunnar á næsta ári, að árið í ár yrði notað til að undirbúa stórafmælið og fjölmiðlar fengnir til að fjalla um störf sóknarnefnda og leikmannastefnu. Þar er um gott starf að ræða, sem fær litla umfjöllun.

## 3. Biblíufélagið 200 ára

Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdarstjóri Biblíufélagsins kynnti stuttlega sögu félagsins og upphaf Biblíufélagsins á Íslandi

Félagið var stofnað 10. júlí 1815 að frumkvæði Ebenesar Hendersonar. Markmið félagsins er að Biblían sé alltaf aðgengileg á íslensku og stuðla að lestri og notkun hennar.

Ragnhildur sagði að Biblíufélagið myndi halda upp á afmælið með veglegum hætti og með ýmsum viðburðum. Hún sagði að Biblíusala hefði dregist mjög saman og þess vegna hvetur félagið kirkjur/sóknarnefndir að kaupa Biblíur fyrir sín fermingarbörn.

Biblían á að vera sýnileg og lifandi. Félagið vill hafa það að markmiði á afmælisárinu.

Ragnhildur hvatti fólk til að horfa til síns nærsamfélags og hvetja sína nánustu að kynna sér Biblíuna.

Biblían er trúarrít kristinna manna, en hún hefur einnig líka menningar og sögulegt gildi. Ef að fólk tekur höndum saman og kynnir Biblíuna, þá vex lestur hennar.

## 4. Biblían um heim allan.

Hans Johan Sagrusten frá Noregi, sérfræðingur í Gamla testamentisfræðum, flutti erindi - „Biblían um heim allan“ (sjá fylgiskjal 4.) og var erindi hans túlkað af Kristjáni Þór Sverrissyni, sem fórst það mjög vel úr hendi.

Hans Johan vinnur hjá norska biblíufélaginu og ferðast um heim allan til að dreifa Biblíunni. Hann telur það mikil forréttindi að fá að ferðast með Biblíuna og sjá hvernig Biblían hefur áhrif á fólk hvarvetna. Hann nefndi 3 atriði sem honum finnst einkenna biblíulestur:

R - reglulegur biblíulestur

I - lesa með öðrum

K – kafli – rík hefð að lesa marga kafla – lesa lengi í einu

Kristnir menn víða um heim lesa Biblíuna skipulega. Fólk kemur saman og les Guðs orð upphátt hvert fyrir annað og félagsskapurinn styrkir.

Í okkar heimshluta er biblíulestur frekar óreglulegur og menn lesa nokkur vers í einu.

Hans Johan hefur farið mjög víða og sagði frá nokkrum þeim stöðum sem hann hefur heimsótt.

**Á Kúbu.** Þar er mesti kirkjuvöxtur í Suðu-Ameríku. Þar hefur fjöldi kristinna tvöfaldast á síðustu 10 árum. Þar er ekki hægt að kaupa Biblíur, en eftirspurnin er slík að framboðið er engan veginn nóg. Það þarf að aðstoða biblíufélagið á Kúbu við útgáfu Biblíunnar. Þar vantar u.þ.b. eina milljón eintaka til að sinna eftirspurn.

Kristnir menn geta ekki verið án Biblíunnar. Biblían er eins og súrefni fyrir lungun og hvernig getum við bjargað okkur án súrefnis? Þá er hætta á að trúin deyi út. Mikil áhersla er lögð á fræðslu í biblíuskólunum. Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem sækja sér fræðslu og þær keyra verkefnið áfram.

**Í Egyptalandi** þarf að hafa vopnaða verði við kirkjur, annað gengur ekki. Kristnir hafa þó reynt að mæta ofbeldi með friðsamlegum hætti. Þar urðu miklir árekstrar þegar múslímska bræðralagið tók völd og afar strangar reglur um allt og ekkert tóku gildi. Þegar þeir voru hraktir frá völdum beindist reiði fólks að kirkjum. 60 kirkjur voru brenndar. Kristnir menn sýndu þessu umburðarlyndi (fyrirgefningu). Þarna eru biblíur seldar á víðförnum stöðum. Í kristilegum bókabúðum er Biblían auglýst á áberandi hátt í gluggum og henni jafnvel flett daglega svo vegfarendur geta lesið nýjan texta á hverjum degi. Ólæsi er mikið í Egyptalandi, líklega um 30%. Biblíufélögin þar hafa staðið fyrir lestrarnámskeiðum fyrir fullorðna. Þá er stuðst við biblíuvers við kennsluna.

**Í Kína** er stærsta biblíuprentsmiðja heimsins. Árið 1986 fékkst leyfi til að starfrækja slíka prentsmiðju. Þeir hafa leyfi til að prenta eins margar biblíur eins og þeir geta.

Heildarkostnaður við hverja Biblíu er um 200 íslenskar krónur. Frá þeim tíma hafa verið prentaðar 120 milljónir Biblíá. Í Kína eru starfræktir leshópar sem hittast oftast á hverjum degi og lesa 1 til 2 kafla. Konur eru langfjölmennastar í þessum hópum.

Góður rómur var gerður af erindi Hans Johan Sagnarusten

## **5. Hafnarfjarðarkirkja 100 ára.**

Séra Þórhildur Ólafs prófastur Kjalarnesprófastsdæmis fór yfir sögu kirkjunnar, sem átti 100 ára vígsluafmæli 20. desember 2014 og sagði stuttlega frá Kjalarnesprófastsdæmi.

### **Hádegisverður**

## **6. Sóknargjöld. Sr. Gísli Jónasson, prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra**

### **Sóknargjöld**

Séra Gísli Jónasson prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra flutti mjög fróðlegt erindi um sóknargjöld. Sóknargjöldin eru félagsgjöld, þó sumir telja það ekki. Sóknargjöld voru lengi rukkuð af sóknarnefndum og tengd útsvarsstofni, sem er ákveðin prósentu af útsvari.

Innheimtan breyttist með staðgreiðslu skatta. Ríkið tók að sér innheimtuna. Fram að hruni

virkuðu nýju lögin nánast alveg. Eftir hrun breyttist allt og sóknargjöldin voru skorin niður, auðvelt að ráðast á þau, ráðamenn réðu því, þurfti ekki fara með það fyrir alþingi.

Úrvinnsla á tölfræðigögnum leiddi í ljós að kirkjan hefði orðið fyrir mun meiri skerðingu á fjárlögum frá bankahruni haustið 2008 en aðrar stofnanir sem heyrðu undir innanríkisráðuneytið. Niðurstaðan var að sóknargjöld hefðu lækkað um nálægt 25% umfram framlög til reksturs annarra aðila sem sætt höfðu skerðingu. Sett var á laggirnar nefnd sem á að leiðrétta skerðinguna sem kirkjan tók á sig umfram aðra. Sigurður Þórðarson fyrrverandi ríkisendurskoðandi skilaði skýrslu til innanríkisráðuneytisins vegna sóknargjalda. Ekki er búið að birta skýrsluna.

Nefndin sem var skipuð til að leiðrétta sóknargjöld, sem sagði að það þyrfti að leiðrétta sóknargjöldin, en það yrði ekki gert í einum áfanga.

Gísli sýndi þróun sóknargjalds þjóðkirkjusafnaða á landinu árin 2008-2015. (Sjá fylgiskjal 5.) Nokkrar umræður urðu um þetta erindi.

## **7. Kirkjan og þjóðfélagið**

### **Rúnar Vilhjálmsson: Kirkjan og þjóðfélagið**

Íslenska þjóðfélagið hefur tekið miklum breytingum í árunna rás t.d. mannfjöldi, atvinnulíf, búseta, breytingum á fjölskyldustærð, stofnana, tækni og breytingar á samskiptaháttum. (Sjá fylgiskjal 6.)

Rúnar talaði um að Íslendingar væru opnir fyrir nýjungum, hann telur einnig að komið sé rof á milli trúar og hennar gilda. Hvað er þá á bak við gildin sem fólk vill halda í heiðri ef trúin er ekki til staðar?

### **Elín Elísabet Jóhannsdóttir: Hvernig getur kirkjan höfðað til fólks í nútímanum?**

Neikvæð kirkjusýn hefur mikil áhrif. Hver er lausnin? Hverju skiptir jákvæð kirkjusýn?

Okkur skortir sýn. Hvers vegna erum við með kirkju? Við erum ekki viss.

Hverju skilar það fyrir kirkjuna að hafa framtíðarsýn? Við eigum að stefna að brosandir kirkju. Einblínum of mikið á það neikvæða – horfum ekki á möguleikana sem eru fyrir hendi. Þurfum að peppa upp – hafa skýra sýn og trú á það sem við viljum og ætlum að gera. (Sjá fylgiskjal 7.)

### **Jónatan Garðarsson: Á kirkjan erindi við fólk sem sækir ekki kirkju?**

Kirkjan þarf að endurmeta stöðu sína með jöfnu millibili eins og Ríkisútvarpið og aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Kirkjan þarf að vera vakandi fyrir nýjum leiðum til að ná til fólks. Kirkjan þarf að vera lifandi vettvangur og fylgjast með eins og þegar orgel voru keypt í kirkjur upp úr miðri 19. öld. Spennandi vettvangur fyrir listræna sköpun leiddi til þess að nýstárleg tónlist hljómaði í kirkjum landsins. (sjá fylgiskjal 8)

## **8. Kosningar**

Kosið var um 2 aðalmenn í leikmannaráði og 3 varamenn. Reynir Sveinsson varamaður kemur inn sem aðalmaður fyrir Jón Hákon Magnússon sem lést á síðasta ári. Þeir sem voru kosnir í Leikmannaráð samhljóða eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Reynir Sveinsson til 2 ára  
Elva Björk Bragadóttir til 4 ára

Varamenn:

Guðný Guðnadóttir til 4 ára  
Jón Oddgeir Guðmundsson til 4 ára  
Ágúst Victorsson til 2 ára  
Bergur Torfason skoðunarmaður

## **9. Ályktanir og önnur mál**

Marínó Þorsteinsson formaður lagði fram eftirfarandi ályktun um sóknargjöld, sem samþykkt var samhljóða:

„Leikmannastefna haldin í Hafnarfjarðarkirkju 18. apríl 2015 hvetur ríkisstjórnina til þess að standa við ákvörðun sína um að leiðrétta sóknargjöld til trúar- og lífsskoðunarfélaga þannig að þau verði í fullu samræmi við gildandi lög.

Umframskerðing sóknargjalda á árunum 2009 – 2015 nemur um 4.5 milljörðum króna og hefur allt starf trúar- og lífsskoðunarfélaga liðið fyrir það á undanförunum árum. Löngu er tímabært að sóknargjöldin verði færð í lögbundið horf.“

Marínó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, þakkaði fundarstjóra og fundarriturum fyrir fyrir störf sín og fundarmönnum fyrir vel heppnaða leikmannastefnu.

## **10. Bærinn í hrauninu**

Jónatan Garðarsson fjölmiðlamaður sagði frá Hafnarfirði og var gerður góður rómur að þessar frásögn.

## **11. Slit á Leikmannastefnu**

Biskup sleit stefnunni í móttöku í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.